

**Viðtakandi: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir utanríkisráðherra**

**Sendandi: Stella Samúelsdóttir formaður Þróunarsamvinnunefndar**

**Dagsetning: 31. janúar 2025**

**Efni: Fundur Þróunarsamvinnunefndar 6. desember 2024**

Kæra Þorgerður Katrín,

Þrjú mál voru á dagskrá nefndarinnar þann 6. desember sl.

Í fyrsta lagi fékk nefndin kynningu frá Maríu Mjöll Jónsdóttur, skrifstofustjóra skrifstofu alþjóðapólitískra málefna utanríkisráðuneytisins og Önnu Pálu Sverrisdóttur, yfirmanni mannúðarmála um stöðu mála á Gaza og fyrir botni Miðjarðarhafs og viðbrögð stjórnvalda við stöðunni. Farið var vel yfir allt sem stjórnvöld hafa gert frá upphafi átaka og var nefndarfólk þakklátt fyrir opið og hreinskiptið samtal. Rætt var hvort verið væri að gera allt sem hægt væri að gera og þá sérstaklega með tilliti til mannúðarréttar og framtíðar alþjóðakerfisins sem hefur algjörlega brugðist fólki. Nefndarfólk var sammála um það að betur þyrfti að koma upplýsingum á framfæri til einstaklinga um það sem stjórnvöld hafa verið að gera. Það er skilningur á því að sumt efni ratar ekki í fjölmiðla og fær því síður athygli, en það er gríðarlega mikilvægt að umræðan sé upplýsandi og að almenningur viti hvað stjórnvöld séu að gera. Nefndin taldi sig margs vísari um framlag Íslands eftir samtalið.

Í öðru lagi fór Sara Ögmundsdóttir, staðgengill skrifstofustjóra fjármálaskrifstofu, yfir fjárlög 2025 og þróun framlaga undanfarin ár í tengslum við málefnasvið þróunarsamvinnu. Hún nefndi að líklegast myndu framlög ársins 2025 einungis standa í stað í 0,35% en ekki ná upp í 0,37% eins og samþykkt stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028 segir til um. Nefndarfólk var svekkt yfir því, sem og að hækkun framlaga undanfarinna ára væri einungis til Úkraínu en ekki til fátækustu ríkja heims líkt og stefna Íslands kveður á um.

Þriðja og síðasta málið á dagskrá fundarins var COP29 fundurinn, helstu niðurstöður og umræða um áhrif á þróunarríkin sem Helga Barðadóttir, formaður sendinefndar Íslands á ríkjaráðstefnu loftslagssamningsins, frá umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu leiddi nefndina í gegnum. Rætt var hvort fjárhagslegt framlag Íslands væri tilefni til þess að hækka opinbera þróunaraðstoð (ODA).

Með vinsemd og virðingu,



Stella Samúelsdóttir

formaður þróunarsamvinnunefndar